

s. l. áramóta í lengsta lagi. Gerðarbeiðandi ritar fógetaréttinum hinn 30. janúar s. l. og krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út úr herbergi þessu. Hafi gerðarþoli og kona hans hætt að búa í herberginu, en eigi þar þó ýmsa muni eftir. Gerðarþoli mótmælir gerðinni, þar sem gerðarbeiðandi hafi gengið inn á það að leyfa sér afnot herbergis þessa, meðan verið væri að byggja ofan á húsið. Raunar hefur gerðarþoli sjálfur ekki mætt hér fyrir réttinum, heldur kona hans Sigriður Sveinsdóttir, og gaf hún yfirlýsingu þessa. Er hún einnig staðfest af bróður Sigriðar og sameiganda að húsinu, Guðmundi Sveinssyni.

Málið var síðast fyrir réttinum til gagnaöflunar hinn 26. marz s. l., og töldu umboðsmenn aðiljanna þá gagnaöflun lokið, og var einnig ákveðið, að dagur til munnlegs flutnings yrði ákveðinn síðar. Vegna annrakis fógeta og málflytjenda var sá dagur ekki ákveðinn fyrr en 26. júní s. l., og fór þá umboðsmaður gerðarþola fram á áður umgetinn frest til gagnaöflunar. Með tilliti til þess tíma, sem liðinn er frá því mál þetta var síðast fyrir rétti til gagnaöflunar, verður að telja, að umboðsmaður gerðarþola hefði getað komið fyrr fram með kröfu um endurupptöku málsins til frekari gagnaöflunar. Verður þannig, eftir atvikum, að neita um hinn umbeðna frest.

Vita ber ummæli þau, er umboðsmaður gerðarbeiðanda viðhafði um umboðsmann gerðarþola, er munnlegur flutningur fór fram hér fyrir réttinum um atriði það, er hér er til úrskurðar.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 17/1947. Magnús Jónsson

gegn

Verzlunarfélagi Ólafsfjarðar.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Með kæru 7. júlí þ. á., er hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Akureyrar, er upp kveðinn var 3. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Krefst sóknaraðili þess, að honum verði dæmdar 500 krónur í málskostnað í héraði. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta hið kærða málskostnaðarákvæði.

Kærumálskostnaður fellur niður, þar sem hans er ekki krafizt af hálfu varnaraðilja.

D ó m s o r ð :

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms í málinu: Verzlunarfélag Ólafsfjarðar gegn Magnúsi Jónssyni á að vera óraskað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. júlí 1947.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 30. f. m., hefur stefnandi, Verzlunarfélag Ólafsfjarðar, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 7. f. m. og birtri sama dag, á hendur Magnúsi Jónssyni verzlunarmanni, Aðalgötu 7, Ólafsfirði, og gerir þær kröfur fyrir dómi, að síðargreindum úrskurði húsaleigunefndar Ólafsfjarðar verði hrundið og stefndi dæmdur til að rýma þegar húsnaði það, er hann hefur í húsi stefnanda í Aðalgötu 7, Ólafsfirði. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómara.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að í maimánuði 1946 keypti stefnandi efri hæð hússins Aðalgötu 7 í Ólafsfirði og lét stefnda, sem þá var verzlunarstjóri stefnanda, í té íbúð á hæð þessari. Enginn samningur var gerður milli stefnanda og stefnda um húsnaði þetta. Þann 14. janúar s. l. sagði stefnandi stefnda upp verzlunarstjórastarfinu, og vék hann úr þjónustu stefnanda 15. apríl s. l. Stefndi ritaði stefnda bréf 13. febrúar s. l. og aftur 20. apríl s. l. og tilkynnti honum, að hann yrði að víkja úr íbúðinni 14. maí s. l., enda þyrfti stefnandi á húsnaðinu að halda fyrir starfsmann

sinn. Stefndi synjaði kröfu stefnanda um að vikja úr íbúðinni, og skaut stefnandi málinu til húsaleigunefndar Ólafsfjarðar, en nefndin kvað upp úrskurð um málið 12. maí s. l. og synjaði kröfu stefnanda um, að stefndi yrði skyldaður til þess að vikja úr íbúðinni.

Höfðaði stefnandi mál þetta hér fyrir dómi, til þess að fá úrskurðinum hrundið, og gerði þær kröfur, sem fyrr greinir. Er því haldið fram af hans hendi, að stefndi hafi ekki rétt til að halda íbúðinni, eftir að hann fór úr þjónustu félagsins, enda þurfi félagið nauðsynlega á íbúðinni að halda fyrir starfsmann sinn og íbúðin hafi á sínum tíma verið keypt, til þess að geta látið starfsfólki stefnanda í té íbúð í henni. Megi því stefnda vera ljóst, að til þess hafi verið ætlað, að hann héldi ekki íbúðinni, eftir að hann færi úr þjónustu félagsins.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að íbúð sú, sem hann býr í, hafi átt að fylgja verzlunarstjórástarfinu, og sé því uppsögn af hendi stefnanda óheimil samkvæmt húsaleigulögunum.

Samningur um íbúð þessa er ekki fyrir hendi og var aldrei gerður. Þykir því stefnandi verða að bera halla af því að hafa ekki tryggt sér með samningi, að stefndi skyldi rýma íbúðina, er hann færi úr þjónustu stefnanda. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39/1943 um húsaleigu er óheimilt að segja stefnda upp leigu á umræddri íbúð.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefnda í málinu af kröfum stefnanda. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Magnús Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Verzlunarfélags Ólafsfjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.